


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Ísl 102</b>	<b>Kennsluáætlun vorönn 2012</b>

<b>Kennarar</b>	Ásbjörg Benediktsdóttir og Fríða Pétursdóttir	<b>Sk.st.</b>	ÁBE og FPÉ
-----------------	---	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

### Markmið:

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmiss konar ritsmiðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

### Námsgögn:

*Indjáninn* eftir Jón Gnarr (útg. 2010).

*Íslenska eitt*, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006).

### Áætlun um yfirferð:

#### 1. lota 9.1 – 9.2. (5 vikur) Ritun og tjáning

*Íslenska eitt* bls. 27-29, 54-73, 76-77, 109-14. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður. Nemendur hefja lestur bókarinnar *Indjáninn*.

#### 2. lota 13.2 – 30.3. (7 vikur). Bókmenntir


*Íslenska eitt*, bls. 10-27, 52-54, 78-93, 125-127. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Skáldsagan *Indjáninn* rædd og verkefni unnin úr henni. Ýmis ritunarverkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

#### 3. lota 11.4. - 30.4. (2 og ½ vika) Ljóð

*Íslenska eitt*, bls. 30-43, 63-65, 96-108, 119-124. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta.

### Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni jöfnum höndum og standa skil á þeim ýmist

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Ísl 102</b> <b>Kennsluáætlun vorönn 2012</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

munlega eða skriflega. Skriflegum verkefnum eiga nemendur að safna í möppu sem á að skila í lok 1. og 2. lotu. Þessi verkefni gilda samtals 15% af lokaeinkunn. Munnlegt verkefni í 1. lotu gildir 10% og próf úr ljóðum í 3. lotu gildir 10%. Auk þess taka nemendur krossapróf (5%) úr skáldsögunni *Indjábanum* og vinna einstaklingsverkefni úr henni (10%). Samanlagt vægi námsþátta á önn er 50% sem reiknast á móti lokaprófi.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Munnlegt verkefni 10%

Verkefnamöppur 15%

Krossapróf og verkefni úr *Indjábanum* 15%

Próf/verkefni úr ljóðum 10%

Lokapróf 50%

**Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fáist metin.**

**Nemendi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.**

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!**

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils